

Kappahl opnar verslun á Selfossi



Verslunin kemur til með að opna þar sem Lindex á Selfossi er til húsa. Mynd: Aðsend.

Ívor mun sænska tískuvörumerkið Kappahl opna verslun á Selfossi, á þeim stað þar sem Lindex er nú til húsa. Opnunin

er hluti af stærri innkomu Kappahl á íslenskan markað, þar sem alls munu opna átta Kappahl-verslanir og að minnsta kosti ein

Newbie-verslun víðs vegar um landið. Í samtali við Dagskrána segir Albert að markmiðið sé að bjóða Sunnlendingum upp á allt

það besta sem Kappahl group hefur upp á að bjóða.

Verslanirnar verða opnaðar í gegnum sérleyfissamning við LKA19 ehf., fyrirtæki í eigu hjónanna Lóu Dagbjört Kristjánsdóttur og Albert Þórs Magnússonar. Þau hafa um árabil rekið og byggt upp þekkt tískuvörumerki á Íslandi og verða nú fyrst í heiminum til að taka að sér sérleyfisrekstur Kappahl Group.

„Íslenskir viðskiptavinir hafa lengi óskað eftir okkar sterku vörumerkjum og nú þegar við höfum fundið frábæran samstarfsaðila er tímasetningin fullkomin til að stíga inn á íslenska markaðinn,“ segir Elisabeth Peregi, forstjóri Kappahl Group. Hún segir Ísland afar mikilvægt markaðssvæði fyrir fyrirtækið og lýsir mikilli eftirvæntingu með samstarfið við Lóu og Albert.

„Albert og Lóa hafa sýnt fram á einstaka hæfni í uppbyggingu tískuvörumerkja á Íslandi. Við gætum ekki hugsað okkur betri samstarfsaðila til að leiða þetta

sögulega skref fyrir Kappahl og Newbie,“ bætir Peregi við.

Undirbúningur nýrra verslana er þegar hafinn og er gert ráð fyrir að þær opni í vor í helstu verslunarmiðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu sem og víða á landsbyggðinni. Þar á meðal verður opnun Kappahl-verslunar á Selfossi, sem styrkir enn frekar stöðu bæjarins sem öflugr verslunarkjarna á Suðurlandi. Samhliða verslunaropnunum verða netverslanirnar kappahl.is og newbie.is opnaðar.

„Við höfum dást að Kappahl og Newbie í mörg ár, ekki aðeins fyrir skandinavíska hönnun og gæði, heldur einnig fyrir gildi fyrirtækisins og leiðandi stöðu í sjálfbærni,“ segja Albert og Lóa. „Að vera valin fyrsti sérleyfshafi Kappahl Group á heimsvísu er mikill heiður og við hlökkum til að taka á móti íslenskum viðskiptavinum inn í heim Kappahl og Newbie.“

Dagsetningar opnana einstakra verslana verða kynntar síðar.

Hljómsveitin SLYSH söfnuðu styrk upp á 935.000 kr.

Dröngirnir í hljómsveitinni SLYSH afhentu Sjóðinum góða styrk upp á 935.000 kr. fimmtudaginn 15. janúar sl. Í Hveragerðiskirkju.

Strákarnir náðu að fjármagna styrkinn með jólatónleikum sem voru haldnir á Hótel Örk 16. desember sl. Þar sem allur ágóði miðasöluunnar rann til styrktar Sjóðsins góða. Þar að auki fengu strákarnir nokkur fyrirtæki með sér í lið til að styrkja tónleikana.

Hlutverk Sjóðsins góða er að styrkja einstaklinga og fjöl-

skyldur sem standa höllum fæti og eiga ekki fyrir nauðurfurtum fyrir jólin og einnig á vormánudum fyrir fermingar.

Þetta er annað árið í röð sem SLYSH heldur jólatónleika til styrktar Sjóðinum góða en í fyrra söfnuðust 430.000 kr. Á síðustu

tónleikum stækkuðu strákarnir viðburðinn töluvert og salurinn fylltist af gestum sem strákunum mistókst ekki að koma í jölaskap. Með dröngjunum í liði var hópur allur af frábærum tónleikagestum. Litlasveit hitaði tónleikana upp. Halli Daða var kynnr kvöldsins og með uppi-stand. Kór SLYSH var mynd-aður og söng ljúfa tóna. Heiða Sif Guðjónsdóttir lék á fiðuna. Engin önnur en Ágústa Eva söng með dröngjunum og svo kom Daði Freyr að spila og syngja.



Strákarnir eru afar þakklátir fyrir tækifærið sem þeim hefur gefist og fara bjartsýnir inn í nýtt ár.



Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Framúrskarandi
fyrirtæki 2019

Arvirkinn

Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



Umbúðir



Almenn prentun



Límmiðar



Bækur



Stimplar



Bréfpokar

Gagnheiði 17, Sefossi | Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

Aðalfundur Sleipnis 2025

SLEIPNIR
— stofnað 1929 —

Aðalfundur Hestamannafélagsins Sleipnis og Sleipnishallarinnar ehf verður haldinn þriðjudaginn 3. febrúar n.k. kl 20 í Hlíðskjálfi, Suðurtröð 6, Selfossi.

Dagskrá:

1. Hefðbundin aðalfundarstörf.
2. Núverandi stjórn leggur fram tillögu um örlitla laga breytingu á gildandi lögum félagsins.
3. Önnur mál.

Nánari upplýsingar um dagskrá aðalfundar verður birt á heimasíðu félagsins sleipnir.is

Kveðja, stjórnin



AÐALSKOÐUN

Nýtt ár, nýr miði!



Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Eitt gott öskur fyrir gigg hjálpar mikið

Kolfinna Sjöfn Ómarsdóttir er 19 ára söngkona og sveitastelpa frá Lambhaga á Rangárvöllum. Kolfinna hefur brennandi áhuga á söng og tónlist, æfði píanó í 11 ár og stundaði sögnám í sjö ár. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hún ágætis reynslu af tónlistarbransanum og hafa síðustu ár verið afar viðburðarík hjá Kolfinnu.

Dagskráin náði tali við Kolfinnu um söngferil hennar og hvernig boltinn byrjaði að rúlla.

Upphaf ferlis sem er á stanslausri uppleið

Tónlistin hefur alltaf verið stór hluti af lífi Kolfinnu frá barnsaldri. „Ég hef alltaf verið umkringd tónlist og sem barn þá hafði ég lítið val um að taka þátt á einhvern hátt,“ segir Kolfinna. „Mamma er mjög músikölsk og spilar á mörg hljóðfæri og hún og pabbi eru bæði mínir hörðustu og hreinskilnustu gagnrýnendur en líka mínir bestu stuðningsmenn.“

Frá ungum aldri hefur Kolfinna tekið öll möguleg tækifæri sem henni gáfust til að syngja og tróð sér eins og hún gat í allar söngvakeppnir hvort sem það var á vegum skólans eða á bæjarhátíðum. „Ég hef alltaf verið mjög athyglissjúk ef ég á að segja eins og er,“ segir hún og hlær.

Kolfinna segir feril sinn í söng hafa í raun hafist 9 ára að aldri þegar henni bauðst að syngja tvö lög á samkomu á Hótel Selfossi. „Ég man svo greinilega hvað ég var rosalega stressuð fyrir því en var svo ánægð þegar ég fékk launin mín sem var einhver smá vasapeningur og glerengill, sem ég á enn í dag.“

Upp frá því hefur Kolfinna stöðugt blómstrað í söngnum. Hún var snemma byrjuð að fá bókanir á ýmsa viðburði, tónleika, á plötum eða í skirnum, svo eitthvað sé nefnt. „Í dag hef ég sungið með alls kyns hljómsveitum, undirleikurum og frábæru tónlistarfólki út um allt land.“

2025 viðburðaríkast hingað til

Kolfinna hefur aldrei gíggað jafn mikið og á liðnu ári og voru flestar helgar Kolfinnu uppbókadar. Hún söng bæði ein og með hljómsveitum á fjölda viðburða, allt frá skirnum og brúðkaupum til árshátíða og þorablóta.

Hún hélt einnig tónleika með bekkjarfélögum sínum og samdi mikið af tónlist sjálf. Kolfinna hefur verið að leika sér að því að semja sjálf. Hún bjó til plötu sem lokaverkefni á stúdentsprófi. „Ég gaf hana reyndar aldrei út en það væri kannski gaman að stefna á að gera það einhvern tímann.“

Aðspurð um hvað stóð upp



skylduboð og svefnleysi. Hún segist þó vera heppin með fólkið í kringum sig sem sýni skilning og stuðning. „Ég er þeim mjög þakklát.“

Halda áfram sama hvað!

Þegar hlutirnir ganga ekki upp viðurkennir Kolfinna að hún taki það oft nærri sér, sérstaklega þegar hún veit sjálf að hún hefði getað gert betur. Hún segir þó að það sem haldi henni gangandi sé að minna sig á að heimurinn hrynji ekki þó eitthvað fari úr skeiði. Slæm gigg og vonbrigði séu hluti af ferlinu og nauðsynleg til að kunna að meta það sem gengur vel. Kolfinna reynir alltaf að taka gagnrýni vel og ekki persónulega. Hún segir gagnrýni mjög mikilvæga til að læra af og gera betur næst.

„Það er margt sem hefur klikkað hjá mér í gegnum tíðina, mörg gigg sem ég fæ bara kjánahroll að hugsa um í dag eða hlutir sem mér hefur verið neitað um eða gigg sem ég hef ekki fengið. Þá er gott að reyna að muna að maður þarf að upplifa slæm gigg eða fá slæmar fréttir til að kunna að meta þegar það gengur vel.“

Kolfinna finnur stundum fyrir stressi, þótt hún kalli það ekki sviðsskrekk. Hún segir stressið þó hverfa um leið og hún stígur á svið. „Maður bara andar sig í gegnum þetta. Kannski svolítið skrítið ráð, en eitt „öskur“ fyrir gigg hjálpar mikið,“ segir hún.

Söngurinn er lífsorka

Þrátt fyrir að hafa prófað sig áfram í lagasmíðum segist Kolfinna finna mun meiri gleði í því að syngja. Hún lýsir mikilli berskjöldun sem fylgi því að flytja eigin lög, en segir adrenalínin og orkuna sem fylgi sviðsframkomu vera ólýsanlega. Söngurinn hafi fært henni ótal tækifæri, minningar og kynni við fólk sem henni þykir vænt um. Hún telur tónlistina einnig hafa mótað sig sem manneskju og byggt upp sjálfstraust hennar. „Ég hef kynnst mikið af góðu fólki í gegnum þennan bransa sem mér þykir ósköp vænt um í dag.“

Það má taka pláss

Framtíðin er spennandi. Kolfinna hyggst halda áfram að gígga með hljómsveitinni Koppafeiti, stefnir á að halda tónleika á árinu og mögulega gefa út lag. Draumurinn er að starfa sem söngkona í fullu starfi. „Það er náttúrulega stór draumur að fá að trylla lýðinn á Þjóðhátíð!“

Að lokum hvetur Kolfinna ungt tónlistarfólk til að segja já við tækifærum, sama hversu lítil þau virðast. Maður viti aldrei hver sé að hlusta. „Fake it till you make it er sannasta setning í heimi!“ segir hún.

Síðast en ekki síst leggur hún áherslu á að það sé í lagi að taka pláss og að maður eigi að gera það. SEG

VÍSINDA OG
RANNSÓKNAR
SJÓÐUR
SUÐURLANDS

OPNAÐ HEFUR VERIÐ
FYRIR UMSÓKNIR Á
WWW.HFSU.IS



Styrkir til námsmanna sem vinna að
rannsóknarverkefni til lokaprófs á
háskólastigi.
Verkefnið skal tengjast Suðurlandi



UMSÓKNARFRESTUR
TIL 26. JANÚAR 2026.





AÐGENGI AÐ SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTU MÍN LÍÐAN í Lyfju appinu

Viltu taka stöðuna? Þá getur stutt samtal við sálfræðing verið nytsamlegt fyrsta skref. Stutt ráðgjöf með sálfræðingi er 15 mínútna persónulegt og markvisst fjarviðtal við löggiltan sálfræðing Mín líðan.

Andleg heilsa er mikilvægur hlekkur í þínu heilbrigði

Að líta inn á við og meta eigin líðan er mikilvægt skref og getur verið fyrsta skrefið í átt að bættri heilsu.



Sækja
Lyfju appið



Mín líðan

Skóflustunga við leikskólann Jötunheima

Fimmtudaginn 15. janúar sl. var fyrsta skóflustungan að viðbyggingu leikskólans Jötunheima á Selfossi tekin.

Fyrir skóflustungu var undirritaður samningur um jarðvinnu milli Fasteignafélags Árborgar slf og Karína ehf, sem var læstbjóðandi útboði verksins. Bragi Bjarnason bæjarstjóri Árborgar undirritaði samninginn fyrir hönd Árborgar.

Jötunheimar verður fyrsti 12 deilda leikskólinn á landinu undir sama þaki. Stefnt er að framkvæmdir klárast haustið 2027.

Á fyrstu skóflustungunni fengu leikskólabörn að taka virkan þátt í mokstrinum. Börnin sem tóku þátt voru Lilja Magnea Sandholt, Mikael Ivan Muninn Ingvarsson, Mikael Narfi Stefánsson og Rakel Sara Elvarsdóttir og munu þau öll vera í útskriftarhópi leikskólans þegar nýja viðbyggingin verður tekin í notkun.

Þetta er ánægilegt skref og hafa foreldrar almennt tekið vel í framkvæmdirnar.



Myndir: Dagskráin/SEG



Grjónagrautur

Sunnlenski matgæðingur vinnur er Sölvi B. Hilmarsson.

Góðan dag. Það var skorað á mig að koma með uppskrift í þennan þátt og mun ég ekki skorast undan því og þakka vinkonu minni ævinlega fyrir þessa áskorun.

Fylgdi því hins vegar ósk um ákveðinn rétt, og var ömmubarn vinkonu minnar með í ráðum.

Þess ber að geta að barnið er í Stekkjaskóla, og þykir grjónagrauturinn hjá okkur góður, sem og mörgum öðrum börnum.

Það er mér ljúft og skylt (eins og frægur maður hér í bæ, tekur oft til orða) að verða við þeirri bön.

Það er hins vegar þannig að ég nota ekki uppskriftir við mína eldamennsku, nema þegar ég laga grjónagraut í skólanum og þá set ég í pottinn 25 kg grautargrjón, 110 lítra vatn og 60 lítra mjólk, salt og vanilludropa.

Ég geri mér ljóst að slíkt magn er ekki hægt að elda í heimahúsi og ætla ég að reikna þessa uppskrift í þægilegra magn.

Grjónagrautur

250 gr Scotti grautargrjón
1,1 l vatn
600 ml mjólk
Salt eftir smekk
Vanilludropar eftir smekk

Það má að sjálfsögðu margfalda þessa uppskrift.

Það fyrsta sem gjört er er að setja grjón og vatn í pott og soðið vel, eða þar til að grjónin hafa drukkið í sig vatnið og eru



orðin mjúk, þá er mjólkinn sett út í. Saltið og vanilludroparnir eru settir út í hvort sem er með vatninu eða mjólkinni.

Þegar hingað er komið þarf að nota við grautargerðina, þ.e.a.s. að hræra vel í, þar sem að mjólkinn hefur þann hvítleiða eiginleika að brenna við ef ekki er hrært nægilega vel í pottinum. Það þýðir lítið að hanga á samfélagsmiðlum við þessa grautargerð, heldur hafa hugann við efnið svo vel fari.

Þess ber að geta að þegar ég laga graut heima hjá mér, læt ég suðuna koma upp með grjónunum og vatninu, síðan dreg ég pottinn af hellunni og set lok á og hvíli, geri þetta 2 til 3 sinnum.

Það er eitt sem ekki má flaska á, en það er að skilyrt er að vera í góðu skapi við alla eldamennsku og leggja sál sína í gjörninginn og víti menn / konur, útkoman verður góð!

Snætt með kanillsykri, rúsínum og rjóma.

Óska ég ykkur hið besta við grautargerð þessa, sem og allt sem þið takið ykkur fyrir hendur!

Skora ég á Birnu Gestdóttur að stíga hér á stokk og greina frá sínu landsfræga lagsagne, en margir hafa mikla matarást á henni, þess ber hins vegar að geta að hún er líka góð í grænmetisréttum og hefur verið að gauka uppskriftum til fólks á liðnum árum.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

MÍMIR NEMENDAFÉLAG MENNTASKÓLANS AÐ LAUGARVATNI

UMSJÓN:
ELENA OG ARNBJÖRG



ÞÓRISMÓT HALDIÐ Í SÍÐUSTU VIKU

GÓÐAN DAG KÆRU SUNNLENDINGAR

Víkuna 12.–15. janúar fór hið árlega og afar vinsæla Þórismót fram í Menntaskólanum að Laugarvatni. Þórismót er fjögurra daga íþróttamót þar sem 1., 2. og 3. bekkur etja kappi í hinum ýmsu greinum, undir stjórn íþróttformanna. Í ár voru það þeir Vésteinn Loftsson og Reynir Ingi Helgason sem sáu um skipulagið og völdu íþróttirnar af mikilli snilli.

Keppnin hófst á mánudegi með fjöregu blaki, þar sem 3. bekkur sigraði. Á þriðjudeginum tók brennóíð við með miklum tilprifum og var það aftur 3. bekkur sem sigraði það. Síðan á miðvikudeginum var körfubolti á dagskrá þar sem 2. bekkur vann og lauk mótinu svo á fimmtudeginum með spennandi fótboleikjum. Óhætt er að segja að stemningin var rafmögnuð alla vikuna og keppnin afar jöfn í öllum greinum.

Að lokum stóðu 2. og 3.

bekkur jöfn að stigum og því þurfti að grípa til úrlitaleiks í skák til að skera úr um sigurvegara. Skák leikurinn var æsispennandi og hélt áhorfendum á tánum allt til loka, en að endingu var það 2. bekkur sem hafði betur. Þar með var 2. bekkur krýndur sigurvegari Þórismótsins 2026.

Elena R. Marquez
Gunnlaugsdóttir,
ritnefndarformaður
nemendafélagsins Mímis.

Gáta vikunnar

Litfagur og langur er,
ljótu veldur tjóni.
Riddararnir höfðu í her,
á hólum situr róni.

Svar við gátu í blaði 2835: NEMI
1. Skólanemi - 2. Hreyfinemi
3. Hljóðnemi - 4. Geigernemi



Krakkar safna fyrir Sjóðinn góða

Þessir flottu krakkar, Undís Eva, Andrés, Örvar Þór og Brimir, lögðu sitt af mörkum með því að safna fyrir Sjóðinn góða og söfnuðu samtals 5.005 krónum. Sjóðurinn góði þakkar frábært framtak.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Bládamáður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaeld: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudegum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X Svansvottuð prentsmíða

Prentun:
Prentmet Oddi

Lilja valin samborgari Rangárþings ytra

Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir, Skarði í Þykkvabæ, hefur verið útnefnd samborgari ársins 2025 í Rangárþingi ytra. Viðurkenningin var afhent í kaffisamseti eldri borgara í íþróttahúsinu í Þykkvabæ þann 10. janúar. Þetta er í þriðja sinn sem samborgari sveitarfélagsins er valinn en ár hvert kallar markaðs-, menningar- og jafnréttismálanefnd eftir tilnefningum.

Samborgari getur verið hver sá sem hefur á einhvern hátt þótt skara fram úr með störfum sínum í sveitarfélaginu, hvort heldur sem er í atvinnu- eða félagslífi, með mannþæsku, dugnaði eða öðru sem eftirtekt hefur vakið.

Fjöldi tilnefninga bárust og auk Lilju fengu þær Jóna H. Valdimarsdóttir í Rafttholti 2 og Þórunn Rangarsdóttir í Reiðholti einnig sérstaka viðurkenningu fyrir störf sín í þágu samfélagsins.

Hjartað í Þykkvabænum

Lilja er kartöflubóndi á bænum Skarði í Þykkvabæ en hefur samhliða því verið einn af máttarstólpum samfélagsins í sjálfböðavinnu. Í umsögn Lilju kemur fram að hún hafi um

áratugaskeið verið ómetanlegur drifkraftur í samfélaginu í Þykkvabæ. Hún hefur verið virkur þátttakandi og leiðtogi, tekið þátt í flestum viðburðum, starfað með kvenfélaginu og sinnt íþróttahúsinu og umhverfi þess með miklum sóma. Hún hefur unnið ómælda sjálfböðavinnu og hún er manneskjan sem flestir leita til ef um er að ræða verkefni og hugmyndir sem tengjast Þykkvabæ. Margir kalla Lilju „hjartað í Þykkvabænum“ og þökkum við henni kærlega fyrir dugnaðinn, eljuna og kærleiksríkt viðmótið sem einkennir hana.

Lilja var stödd erlendis og gat ekki veitt viðurkenningunni móttöku í eigin persónu en sonur hennar, Ómar Páll Sigurbjartsson, tók við skjalinu fyrir hennar hönd. Lilja sendi okkur þakkarorð rafrænt sem voru lesin upp við tilefnið og hljóma svona:

„Kæru vinir. Að vera stödd á safni í Amsterdam og fá þessar fréttir kom sannarlega á óvart. Mér þykir vænt um Þykkvabæinn og samfélagið sem hér býr og hef notið þess að vera þátttakandi í leik og starfi. Ég tek við þessari nafnbót af þakklæti



Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir, samborgari Rangárþings ytra 2025

og auðmýkt. Hjartans þakkir fyrir mig, Lilja“.

Mannbætandi dugnaðarforkur

Jóna Valdimarsdóttir í Rafttholti er bóndi og virkur meðlimur í kvenfélaginu Einingu. Hún fékk sérstaka viðurkenningu fyrir ómetanleg störf í þágu samfélagsins. Aðrar félagskonur bera henni einstaklega vel söguna úr starfi kvenfélagsins, segja hana duglegasta allra og láti ekkert stoppa sig í að taka virkan þátt. Samferðafólk Jónu segir hana einstaklega góða manneskju sem vilji öllum vel og að það sé hreinlega mannbætandi að þekkja hana.

Falinn demantur

Þórunn Ragnarsdóttir í Reiðholti fékk einnig sérstaka viðurkenningu fyrir ómetanleg störf í þágu samfélagsins. Þórunn hefur verið afar virk í samfélaginu um áratugaskeið og látið margt gott af sér leiða. Samferðafólk hennar ber henni afar vel söguna, segir Þórunni velviljaða, jákvæða og viljuga til allra verkefna. Þórunn hefur meðal annars setið í sóknarnefnd Ár-

bæjarkirkju í áratugi. Hún var framkvæmdastjóri félags eldri borgara í 13 ár og skipulagði ótal viðburði og ferðir. Hún hefur setið í stjórn sambands sunnlenskra kvenna og setið í sveitarstjórn. Þórunn hefur verið falinn demantur í áratugi en birtist sveitungum sínum snemma á ævinni sem „símadama“ þegar sveitasíminn var í Meiri-Tungu. Hún var röddin sem allir þekktu.



Ómar Páll Sigurbjartsson, sonur Lilju, tók við viðurkenningunni fyrir hönd móður sinnar. Með honum á myndinni er Berglind Kristinsdóttir, formaður markaðs-, menningar- og jafnréttismálanefndar Rangárþings ytra.



SUMAR 2026

Sumarstörf hjá Landsvirkjun

Við leitum að kraftmiklu ungu fólki í fjölbreytt störf sumarið 2026.

Kynntu þér hvað er í boði og sæktu um á landsvirkjun.is/sumarstorf



FUNDIR



OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opið hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14-16
Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14
Opið hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opið hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brossið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir- einn dagur í
einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og
Al-Anon fundur strax að
honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kro-
kus. Poniedziałek i czwartek i
sobota godzina 19:00. Hrísholt
8- 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1- 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut- 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi
1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18- Konur
Fimmtudaga Kl.18-
Sporafundur- Konur

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



Við prentum
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
22. janúar kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 22. janúar kl. 14:45

DAGDVÖL OG DAGÞJÁLFUN

-VIRKNI, VELLÍÐAN, OG STUÐNINGUR
BYLGJA DÖGG KRISTJÁNSDÓTTIR
FANNEY GUNNARSÓTTIR

Kaffihlaðborð kvennfélagsins
verð 1.500 kr.

Andri Már slær íslandsmet

Andri Már Óskarsson Umf. Selfossi setti í síðustu viku þann 8. Janúar síðastliðinn íslandsmet í 13 ára flokki í 2000 metra hlaupi. Andri Már hljóp á tímanum 7:42,56 og bætti þar

með 18 ára gamalt Íslandsmet í greininni í 13 ára flokki, en metið átti Kolbeinn Höður Gunnarsson úr UFA og var 8:07,14 mín.

Tími Andra Márs er einnig HSK met í 13 ára og 14 ára flokki og bæting á tveggja ára gömlu HSK meti Sæmundar Inga Jónssonar Íþróttafélaginu Garpi í flokki 15 ára, 16-17 ára, 18-19 ára, 20-22 ára og karla-flokki. Met Sæmundar Inga var 9:35,50 mín. Mótið sem Andri Már keppt á var haldið í Kapla-

krika í Hafnarfriði og var fyrsta mótið í Nike mótaröðinni 2026.



KIRKJUR

Selfosskirkja

Kvöldmessa sunnudaginn 25. janúar kl. 20:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Edit A. Molnár, prestur Guðbjörg Arnardóttir. Sunnudagaskólinn verður á sínum stað kl. 11:00, umsjón Sjöfn ásamt leiðtogum. Morgunbæni miðvikudaga kl. 10:00, Krílasálmur og foreldramorgnar á miðvikudagsmorgnum. Sjá upplýsingar um safnaðarstarf inn á selfosskirkja.is og samfélagsmiðlum kirkjunnar.

Eyrarbyggjakirkja

Messa sunnudaginn 25. janúar kl. 11:00. Kammerkórinn syngur, kantor Guðmundur Eiríksson. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Gaulverjabæjakirkja

Messa sunnudaginn 25. janúar kl. 14:00. Kirkjukórinn syngur, kantor Guðmundur Eiríksson. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.

Guðsþjónusta

Laugardaginn 24. janúar klukkan 11:00
Barna og unglingastarf á sama tíma
Safnaðarheimili Sjöundadags Aðventista
Eyravegi 67 - Selfossi
Allir hjartanlega velkomnir

Þorláksskirkja

Guðsþjónusta kl. 11:00.
Kór Þorlaks- og Hjallasóknar leiðir almennan safnaðarsöng undir stjórn Esterar Ólafsdóttur, organista.
Sigríður Munda Jónsdóttir þjónar.
Verum öll velkomin

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11 á síðasta þrettándasunnudeginum sem markar einnig lok alþjóðlegu bænavikunnar. Syngjum alþjóðlega sálma saman og biðjum fyrir friði í heiminum. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir sóknarprestur og Jón Bjarnason dórmorganisti þjóna. Barnaborðið er ávallt á sínum stað og allir eru velkomnir.

Hrepphóla kirkja:

Kirkjuskóli hefst á ný í Hrepphóla kirkju laugardaginn 24. janúar kl. 11. Verið öll velkomin!

Ólafsvallakirkja:

Guðsþjónsta sunnudaginn 25. janúar kl. 11. Kirkjukórinn syngur undir sjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur organista. Verið öll velkomin!

Hrunakirkja:

Kvöldvaka sunnudaginn 25. janúar kl. 20. Einsöngur, kór-söngur, samsöngur, orð, bæn og blessun. Verið öll hjartanlega velkomin!

Veiði- og útivistarþúð Suðurlands opnar í nýju og stærra húsnæði

Veiði- og útivistarþúð Suðurlands hefur flutt starfsemi sína og opnaði glæsilega verslun að Austurvegi 44 á Selfoss.

Verslunin er nú staðsett í sama húsi og Lyfja aðal lyfjaverslun bæjarins, á áberandi og aðgengilegum stað á Austurveg 44.

Með flutningunum stækkar verslunin verulega og býður nú upp á betra rými, fjölbreyttari vöruúrval og þægilegri verslunarupplifun fyrir viðskiptavinum. Áhersla hefur verið lögð á hlýlegt og snyrtilegt umhverfi þar sem náttúran og útivistin eru í forgrunni.

Veiði- og útivistarþúð Suðurlands hefur á undanförunum árum fest sig í sessi sem sérhæfð verslun fyrir veiði- og útivistarfólk á Suðurlandi. Í versluninni má finna allt sem tengist stangveiði, bæði flugu- og spúnaveiði, auk vandaðs búnaðar fyrir úti-

vist, göngur og daglegt notagildi. Þar er meðal annars boðið upp á fatnað, skófatnað, húfur, gjafavörur og ýmsan sérbúnað fyrir íslenskar aðstæður. Annars má nefna skinnvörur, handsmiðaða hnífa (nýtt) og uppstoppaða fugla. Allar vörur Lovalcland færð þú einnig í verslun okkar.

Eigandi leggur ríka áherslu á persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf, þar sem reynsla og þekking skiptir sköpum.

Markmiðið er að þjónusta jafnt vana veiðimenn sem byrjendur, sem og alla þá sem sækja í gæði og áreiðanleika þegar kemur að útivistarbúnaði.

Með nýrri staðsetningu að Austurvegi 44 styrkir Veiði- og útivistarþúð Suðurlands enn frekar stöðu sína sem mikilvægur þátttakandi í verslunarlífi Selfoss og þjónustu við útivistar- og veiðifólk um allt Suðurland.



Nýja Veiði- og útivistarþúð Suðurlands er staðsett á Austurvegi 44. Mynd: Aðsend.

Nýtt LISTRÝMI opnar í Hveragerði

Sunnudaginn 25. janúar opnar Listrými dyr sínar í nýju húsnæði að Mánamörk 3-5 í Hveragerði. Verið velkomin að líta við á milli kl. 14:00 og 18:00.

Guðrún Arndís Tryggvadóttir er eigandi Listrýmis en hún er starfandi myndlistarmaður með langa reynslu af námskeiðahaldi í myndlist en hún hefur m.a. rekið eigin skóla, kennt við

listaskóla, listaháskóla og haldið og skipulagt fjölda námskeiða á undanförunum árum og áratugum.

Megin áherslan Listrýmis er, auk þess að vera vinnustofa Guðrúnar og sýningarrými, að bjóða upp á fjölbreytt námskeið, bæði í hugmyndaþróun sem og efnisnotkun. Fyrsta námskeið Listrýmis verður í módelteikningu í febrúar.



Framsóknarfélag Árborgar heldur lokað prófkjör

Kjörnefnd Framsóknarfélags Árborgar hefur ákveðið að halda lokað prófkjör þann 7. mars nk, vegna sveitarstjórnarkosninga þann 16. maí 2026. Kosið verður um þrjú efstu sæti listans rafrænt og stendur kosningin í sólarhring. Atkvæðisrétt í prófkjörinu hafa allir sem eru skráðir félagar í Framsóknarfélagi Árborgar 30 dögum fyrir

prófkjör. Framboðsfrestur hefur verið færður frá 23. janúar til 10. febrúar, við hvetjum því sem flesta til þess að gefa kost á sér með tilkynningu á netfangið: arborg@framsokn.is. Niðurröðun sæta á lista verður framkvæmd samkvæmt reglum Framsóknarflokksins.

Framsóknarfélag Árborgar

Glæpasagnamánudhurinn Janoir genginn í garð

Óhuggulegur viðburður með fremstu glæpasagnahöfundum landsins verður á Bókasafni Árborgar Selfossi fimmtudagskvöldið 22. janúar kl. 19:30.

Á Bókasafni Árborgar heitir janúar nú Janoir eins og frægt er orðið og er helgaður glæpasögum. Sú hugmynd að kalla janúarmánuð Janoir kviknaði fyrir tveimur árum síðan hjá bókaverði Bókasafns Árborgar og fyrsta hátíðin var haldin á síðasta ári við glæpsamlega góðar móttökur.

Með einbeittan brotavilja að leiðarljósi og aðstoð frá Bókasafnasjóði og Hinu íslenska glæpafélagi, blásum við aftur til leiks og bjóðum gestum á hryllilega skemmtilegt Glæpasagnakvöld þann 22. janúar næstkomandi.

Sérstakir gestir kvöldsins eru þeir glæpasagnahöfundar sem eru tilnefndir til Blóðdropans fyrir árið 2025. Þau sem mæta að



kynna bækurnar sínar eru Lilja Sigurðardóttir, Eva Björg Ægisdóttir, Anna Rún Frímannsdóttir og Margrét S. Höskuldsdóttir.

Glæpaforinginn Ævar Örn Jósefsson mætir og stýrir umræðum.

Það verður kosið um vinsælasta glæpahöfund ársins og úrslit verða birt í lok janúar.

KRAKKABORG

(Flóahreppur)

Óskar eftir

Leikskólakennara / Leiðbeinanda

100% tímabundin staða - Sem allra fyrst!

Teymisvinna • Útivera • Skapandi starf • Sveigjanleiki

Umsókn: Sara@krakkaborg.is • krakkaborg.is

Josera

Handboltaferðalag Seppa og Pálu!

Þau koma við í BYKO SELFOSSI miðvikudaginn 28. janúar kl. 16-18

Josera lukkudýrin okkar ferðast um landið á meðan Evrópumótinu í handbolta 2026 stendur yfir. Komdu í valdar verslanir og skoðaðu flott tilboð, fáðu ókeypis prufur og taktu snúning í lukkuhjólinu!

24. janúar
Landstólpi Egilsstöðum: 12-14
26. janúar
Byko Akureyri: 16-18
27. janúars
Joserabúðin - Ögurhvarfi 2: 13-15
Byko Breidd: 16-18
28. janúar
Byko Selfossi: 16-18

Ekki missa af fjörinu! - Seppi og Pála taka vel á móti þér!

AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð - Grímsnes- og Grafningshreppur

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Bergsstaðir lóð 2 L200941; Úr sumarhúsaloð í verslunar- og þjónustulóð; Aðalskipulagsbreyting - 2412011

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 10. desember 2025, að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Svæðið sem breytingin nær til er Bergsstaðir lóð 2 L200941 sem er hluti af frístundabyggðinni Bergsstaðir (F84). Með breytingunni er lóðinni breytt í verslunar- og þjónustusvæði þar sem landeigendur áforma að bjóða upp á gistiþjónustu. Heildarstærð frístundabyggðarinnar (F84) er 55,4 ha sem minnkar sem nemur lóðarstærðinni og lóðin skilgreind sem nýtt verslunar- og þjónustusvæði. Skipulagssvæðið/lóðin er skráð 12.400 fm og á henni stendur 65 fm sumarhús.

2. Villingavatn L170831; Nytjaskógrækt og landgræðsla; Aðalskipulagsbreyting - 2505090

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. janúar 2026, að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningsshrepps innan jarðar Villingavatns L170831. Með breytingunni verður sett inn nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði á Villingavatni og heimiluð skógrækt á tæplega 1.400 ha svæði. Markmið framkvæmdarinnar er að rækta skóg sem skapar timburnytjar og græðir upp raskað land.

Samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

3. Efri-Ártunga L237796; Breytt afmörkun Efri-Ártungu 2 og 4 og fjölgun lóða; Deiliskipulagsbreyting - 2512045

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 5. janúar 2026, að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Ártungu í Bláskógabyggð. Breytingin nær til Ártungu 2, 4 og 6 ásamt Efri-Ártungu. Tilgangur deiliskipulagsbreytingarinnar er að breyta afmörkun Ártungu 2 L226435 og Ártungu 4 L193553, stofna þrjár nýjar lóðir úr landi Efri-Ártungu L237796 og bæta við hnitaskrá. Nýju lóðirnar úr Efri-Ártungu fá staðföngin Efri-Ártunga 1, 2 og 3. Aðkoma að lóðunum er um núverandi veg, Kristínarbraut. Heildarfjöldi lóða skipulagssvæðisins fer úr 3 í 6. Nýir byggingarreitir eru á Efri-Ártungu 1 og 2, með hámarks byggingarmagni 200 m á reit.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Mál 1. – 3. innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 22. janúar 2026 með athugasemdarfresti til og með 6. mars 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is.

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

stiflulosun.is

- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþrær
- Fitugildirur
- Sandgildirur
- Skólphreinsistöðvar
- Holræsaheinsun

ÁRATUGA REYNSLA OG SÉRÞEKKING Á FRÁVEITUMÁLUM

VIÐ ÞJÓNUSTUM

EINSTAKLINGA FYRIRTÆKI HÚSFÉLÖG SVEITAFÉLÖG

VIÐ ELSKUM STÍFLUR!

510-1180 / 669-8441

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala

482 2311 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Lagnir og Lausnir ehf

Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

prentmet 

heildarlausnir í prentun

Við hjálpum þér að finna bestu lausnina

Umbúðir Almenn prentun Límmiðar Bækur Stimplar Bréfpokar

Gagnheiði 17, Selfossi | Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

Raflagnir Tölvulagnir Ljósleiðaralagnir

TRS

Gagnheiði 26, Selfoss 480 3300 ■ www.trs.is

ÖKULAND

Endurmenntun atvinnubílstjóra Akstursþjálfun Meirapróf

okuland.is

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi Sími 482 2224 / 899 5424 bilverkba.is

ÖLL ALMENN SMÍÐAVINNA

848 0964 899 0979

GÍSLI ÖRN

GBHUSEHF@GMAIL.COM

GB HÚS Sími: 848-0964

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRAGA AF VINATTU!

Fæst hjá BYKO Selfossi

PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi Viðgerðir · Þjónusta Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala Rennismíði Innréttingar Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi Sími 482 1980

LÖGGILTUR HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575 800SMIDI@GMAIL.COM

S: 692-2575 **800 SMÍÐI**

Stíflubjónusta Sævars Selfossi

Sími: 861 1919 stifla.selfoss@gmail.com YFIR 20 ÁRA REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum Myndun lagna Rótarskurður o.fl.

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur

Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri GSM: 840 3009

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 auglysingar@dfs.is

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001 Guðjón - Sími 888 8002 800lagnir@800lagnir.is